

**Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og**

**Sjúkraliðafélag Íslands
hins vegar**

gera með sér svofellt

S A M K O M U L A G

**um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila,
undirritað 14. október 2010**

1. grein

Starfsmaður í fullu starfi í júní til og með september sl. fær greiddar kr. 32.000 þann 1. nóvember 2010 og þann 1. desember 2010 fær starfsmaður í fullu starfi í september og október greiddar kr. 32.000. Greiðslurnar greiðast hlutfallslega eftir starfshlutfalli og starfstíma. Orlofsfé reiknast ekki af þessum upphæðum.

2. grein

1.1.1 Mánaðarlaun starfsmanns sem gegnir fullu starfi, skulu frá 1. desember 2010 greidd samkvæmt eftirfarandi launatöflu:

Lfl/prep	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	185.497	189.127	192.757	195.437	197.117	200.747	202.477	205.206	207.836
02	192.757	195.618	197.480	201.291	203.203	205.114	207.926	210.737	212.648
03	197.480	200.582	203.584	205.686	208.688	210.690	213.792	216.894	218.896
04	203.584	205.886	209.088	211.290	213.692	216.895	220.097	224.299	228.501
05	209.088	211.500	214.112	216.525	220.937	225.349	229.761	234.173	238.586
06	214.112	216.745	221.378	226.010	230.643	235.276	239.909	244.542	249.174
07	221.378	226.242	231.107	235.971	240.836	245.700	250.565	255.429	260.294
08	231.107	236.215	241.322	246.430	251.538	256.645	261.753	266.861	271.968
09	241.322	246.685	252.048	257.411	262.774	268.137	273.500	278.863	284.226
10	252.048	257.679	263.310	268.942	274.573	280.204	285.835	291.466	295.098
11	263.310	269.223	275.136	281.048	286.961	291.874	296.787	301.699	306.612
12	275.136	281.344	287.553	292.761	297.970	303.178	307.386	312.095	318.303
13	287.553	293.072	298.591	303.109	308.628	313.647	320.166	326.685	333.204
14	298.591	303.436	309.281	314.625	321.470	328.315	335.160	342.004	348.849
15	309.281	314.968	322.155	329.342	336.529	343.716	350.903	358.090	365.277
16	322.155	329.701	337.248	344.794	352.341	359.887	367.433	374.980	382.526
17	337.248	345.172	353.095	361.019	368.943	376.867	384.790	392.714	400.638
18	353.095	361.415	369.735	378.055	386.375	394.694	403.014	411.334	419.654
19	369.735	378.471	387.207	395.943	404.679	413.414	422.150	430.886	439.622
20	387.207	396.380	405.552	414.725	423.898	433.070	442.243	451.416	460.588
21	405.552	415.183	424.815	434.446	444.077	453.709	463.340	472.971	482.602

3. grein

Persónuuppbót (desemberuppbot) á árinu 2010 skal vera kr. 46.800.

4. grein

Grein 2.6.9 breytist frá 1. nóvember 2010:

- 2.6.9 Starfsmenn í vaktavinnu hafa ekki sérstaka matar- og kaffitíma. Starfsmönnum er þó heimilt að neyta matar og kaffis við vinnu sína á vaktinni ef því verður við komið starfsins vegna. Vegna takmörkunar þeirrar sem að ofan greinir á matar- og kaffitímum, skal telja hverja vakt sem unnin er til uppfyllingar vikulegri vinnuskyldu, 25 mínútum lengri en raunverulegri viðveru nam.

5. grein

Kjarasamningur þessi gildir frá undirskriftardegi og til 30. nóvember 2010 og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 14:00 þann 25. október 2010 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 14. október 2010

F.h. fjármálaráðherra
með fyrirvara um samþykki

Gunnar Björnsson (sign.)
Guðmundur H. Guðmundsson (sign.)
Helga Jóhannesdóttir (sign.)
Grétar Guðmundsson (sign.)
Oddur Gunnarsson (sign.)
Ásgeir M. Kristinsson (sign.)

F.h. Sjúkraliðafélags Íslands
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

Kristín Á. Guðmundsdóttir (sign.)
Jóhanna Traustadóttir (sign.)
Ragna Ágústsdóttir (sign.)
Þórunn M. Ólafsdóttir (sign.)
Margrét Auður Óskarsdóttir (sign.)
Ingibjörg Friðriksdóttir (sign.)
Kristín Ólafsdóttir (sign.)
Gunnar Örn Gunnarsson (sign.)

Bókanir
með
samkomulagi dags. 14. október 2010
milli
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og
Sjúkraliðafélags Íslands
hins vegar

Bókun 1

Aðilar eru sammála um að þær tilraunir sem gerðar hafi verið fram til þessa í þá átt að auka nýliðun í hópi sjúkraliða hafa ekki skilað þeim árangri sem stefnt var að.

Af þeim sökum vilja aðilar kanna aðrar leiðir og er þá einkum horft til starfsþróunaráætlana innan hverrar stofnunar. Skref í þá átt getur verið að efla starfsþróun þeirra sem yngstir eru í starfi og bæta þannig möguleika stofnana til nýliðunar. Eins er hægt að horfa sérstaklega til þeirra sjúkraliða sem hvað reyndastir eru í starfi og auka þannig starfsþróunarspönn stéttarinnar.

Í því skyni verði stofnuð sérstök nefnd skipuð þremur fulltrúum hvors aðila og hefur hún til ráðstöfunar allt að 22 milljónir króna, án launatengdra gjalda. Nefndin skal setja sér nánari starfsreglur þar sem fram komi hvernig háttað skuli samráði við stofnanir og samstarfi við þróunar- og starfsmenntunarsjóði. Nefndin skal hafa lokið störfum eigi síðar en 1. febrúar 2011 og skal þá liggja fyrir til hvaða stofnana og með hvaða hætti þessu fjármagni var ráðstafað.

Sérstaklega verði skoðað hvort og hvernig starfsþróunaráætlanir skili þessum hópi framþróun í starfi og til launa. Skulu aðilar leggja sameiginlegt mat á þróunina og gera tillögur um viðbrögð.

Bókun 2

Samningsaðilar eru á einu máli að vegna mismunandi túlkunar og framkvæmd á grein 2.6.12 sé þörf á að skýra og afmarka gildi greinarinnar. Starfshópi um vinnuumhverfi og vaktavinnu, eða hluta hans, sem starfar á grundvelli framkvæmdaáætlunar með kjarasamningum verði falið að fjalla um þessa grein. Niðurstaða þeirrar vinnu verði síðan viðfangsefni samningsaðila.

Bókun 3

Aðilar eru sammála um að bókanir og yfirlýsingar með fyrri kjarasamningi haldi eftir atvikum gildi sínu.